



SKÚTUSTAÐAHREPPUR

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU

HVERIR AUSTAN NÁMAFJALLS

10. nóvember 2020



TILLAGA AÐ DEILSKIPULAGSBREYTINGU – HVERIR AUSTAN NÁMAFJALLS

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU – HVERIR AUSTAN NÁMAFJALLS

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið
skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

frá _____ til _____ 20__

var samþykkt í sveitarstjórn

þann _____ 20__

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var

birt í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____ 20__

Önnur skipulagsgögn

Skipulagsuppráttur: Skútustaðahreppur– tillaga að deiliskipulagsbreytingu

– Hverir austan Námafjalls

dags. 10.11 2020. A1 - mkv. 1:2000

TILLAGA AÐ DEILSKIPULAGSBREYTINGU – HVERIR AUSTAN NÁMAFJALLS

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	4
1 Tilgangur og markmið skipulags-breytingar og umhverfismats	6
1.1 Almenn	6
2 Málsmæðferð og kynning.....	7
3 Tengsl skipulagsáætlana við aðrar áætlanir	8
3.1 Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023	8
3.2 Deiliskipulag	8
3.3 Matsskylda	10
4 Umhverfi og staðhættir á skipulags-svæðinu	11
4.1 Núverandi aðstæður	11
4.2 Náttúruvá	11
4.3 Náttúrufar og náttúruminjar	11
4.4 Menningarminjar.....	12
5 Deiliskipulagsbreyting	13
5.1 Deiliskipulagsbreyting á uppdrætti	13
5.2 Deiliskipulagsbreyting í greinargerð	13
5.2.1 Markmið, liður 2.1	13
5.2.2 Markmið, liður 2.2	13
5.2.3 Byggingarreitir, liður 2.3	13
5.2.4 Akandi umferð og bílastæði, liður 2.4.....	13
5.2.5 Aðkomusvæði og stígakerfi, liður 2.5	13
5.2.6 Þjónustubygging, liður 2.6	14
5.2.7 Veitur og sorp, liður 2.7	14
5.2.8 Fráveita, liður 2.7.1.....	14
5.2.9 Varðveisla minja, liður 2.8.....	14
5.2.10 Frágangur lóða, liður 3.6.....	15
5.2.11 A-þjónustubygging, liður 4.2	15
6 Umhverfisskýrsla	16
6.1 Viðfangsefni, nálgun og áherslur í umhverfismati deiliskipulagsbreytingar	16

6.2	Áhrif deiliskipulagsbreytingarinnar og eftirfylgni	19
7	Heimildir	24

TILLAGA AÐ DEILSKIPULAGSBREYTINGU – HVERIR AUSTAN NÁMAFJALLS

1 TILGANGUR OG MARKMIÐ SKIPULAGS- BREYTINGAR OG UMHVERIFSMATS

1.1 ALMENNT

Hér er sett fram deiliskipulagsbreyting og umhverfismat áætlana fyrir breytingu deiliskipulags fyrir Hveri austan Námafjalls. Breytingin er unnin skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og er í samræmi við Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023, breytt 2014 vegna svæðis fyrir verslun og þjónustu við Hveri.

Skipulagsbreytingin tekur til staðsetningar vegar, bílastæðis, þjónustuhúss og útsýnispalls. Svæðið sem breytingin nær til er 11,4 ha.

Á svæðinu er að finna náttúrufyrirbæri sem njóta verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á verndarsvæðum á láglandi utan þéttbýlis er tilkynningarskyld til ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matskyldu skv. 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Þar af leiðandi fellur deiliskipulagsbreytingin undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Umhverfisskýrsla er því unnin samhliða skipulagsbreytingunni.

Ástæða breytingar er ný áform um uppbyggingu, þar sem aukin áhersla verður lögð á vernd og ásýnd hverasvæðisins. Bílastæði og þjónustuhús verða staðsett um 160 metra nær þjóðvegi 1 miðað við núverandi staðsetningu bílastæða. Núverandi bílastæði verða afmáð og náttúrufar þar endurheimt í kjölfarið. Áfangastaðurinn er vel staðsettur til að skoða norðurljós og því er gert ráð fyrir að fjöldi ferðamanna heimsæki hann á veturna. Vega- og byggingarmannvirkjum er valin staður norðaustast á skipulagssvæðinu, á gróðurlitlu svæði sem er aðeins hærra í landinu en núverandi stæði og snjór safnast síður fyrir. Þessi staðsetning dregur úr sýnileika mannvirkja frá hverasvæðinu. Gert er ráð fyrir að hluti bílastæða og svæði umhverfis þjónustuhús geti verið með snjóbræðslu. Dregið verður

úr umfangi gönguleiða á hverasvæðinu, en lögð er áhersla á vandaða hönnun göngupalla sem dregur úr álagi á náttúru og eykur öryggi gesta. Breytingin uppfyllir markmið 1. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Svæðið sem deiliskipulagsbreytingin nær til er ekki á verndarsvæði skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 en á svæðinu er að finna náttúrufyrirbæri sem njóta verndar skv. 61. gr. laganna. Auk þess nýtur svæðið hverfisverndar skv. Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023.

2 MÁLSMEÐFERÐ OG KYNNING

Sannir Reykjahlíð, í samstarfi við landeigendur, sendi skipulagsfulltrúa Skútustaðahrepps fyrirspurn dags. 15.09.2020 með ósk um heimild til að breyta gildandi deiliskipulagi í samræmi við hugmyndir að uppbyggingu á svæðinu. Skipulagsnefnd veitti heimild til þess á fundi sínum þann 21. september 2020.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi tímaáætlun. Breytingin verður kynnt umsagnaraðilum skv. skipulagsreglugerð.

Tafla 2.1 Tímaáætlun

	Verkþáttur
desember 2020	Tillaga að deiliskipulagsbreytingu auglýst skv. lögum með sex vikna athugasemdafresti
febrúar 2021	Tillaga að deiliskipulagsbreytingu samþykkt í sveitarstjórn
febrúar 2021	Afgreiðsla sveitarstjórnar og skipulagsbreyting sendar til Skipulagsstofnunar
apríl 2021	Samþykkt deiliskipulagsbreyting auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Gildistaka

3 TENGL SKIPULAGSÁÆTLANA VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 AÐALSKIPULAG SKÚTUSTAÐAHREPPS 2011-2023

Gerð var breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 er varðar deiliskipulagssvæðið og tók gildi 18.12.2014. Breytingin fól í sér að skilgreina svæði fyrir verslun og þjónustu við Hveri, nr. 370-V. Ástæða breytingar var sú að talið var nauðsynlegt að koma upp þjónustu fyrir ferðamenn á staðnum og bæta öryggi þeirra. Svæði 370-V var skilgreint með hringtákn, en afmörkun og flatarmál þess ákvarðað í deiliskipulagi. Engin breyting var gerð á megin texta greinargerðar. Eftirfarandi ákvæði aðalskipulags gilda fyrir svæðið.

Tafla 3.1 Verslunar- og þjónustusvæði (V), kafli 4.6

Nr.	Stærð í ha	Lýsing	Skipulagsákvæði
370-V	0,3	Óbyggt svæði. Deiliskipulag liggur ekki fyrir	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Gætt skal að heildarmynd svæðisins og að byggingar og önnur mannvirki falli vel að umhverfinu. N: 0,12

Tafla 3.2 Hverfisvernd (Hv), kafli 5.1.8

Nr.	Stærð í ha	Lýsing	Skipulagsákvæði
326-Hv (HK13)	233	Námafjall og Hverir	Almenn hverfisverndarákvæði. Uppbygging þjónustubygginga og bílastæða heimil á svæði 370-V. Framkvæmdir skulu vera afturkræfar

Niðurstaða umhverfisskýrslu aðalskipulagsbreytingar er að

- mannvirki gætu orðið sýnileg
- aðsókn gæti aukist
- álag á náttúrunni minnkar
- öryggi gesta og umgengi bætist
- uppbygging á svæðinu styður markmið náttúruverndarlaga um að auðvelda umgengni og kynni almennings af náttúru landsins og menningarminjum sem henni tengjast og efla þekkingu og fræðslu um náttúruna.

3.2 DEILISKIPULAG

Gildandi deiliskipulag Hverir austan námafjalls, deiliskipulag var samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps þann 12.11.2014 og tók gildi 22.12.2014.

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU – HVERIR AUSTAN NÁMAFJALLS



Mynd 3.3 Gildandi deiliskipulag

3.3 MATSSKYLDA

Áætlunin markar stefnu um framkvæmdir sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á verndarsvæðum á láglendi utan þéttbýlis er tilkynningarskyld til ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matskyldu skv. 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Svæðið sem um ræðir nýtur hverfisverndar í aðalskipulagi og þar er að finna náttúrminjar sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

4 UMHVERFI OG STAÐHÆTTIR Á SKIPULAGS- SVÆÐINU

4.1 NÚVERANDI AÐSTÆÐUR

Frá þjóðvegi nr. 1 liggur Námaskarðsvegur (nr. 885) með stefnu til suðvesturs um 300 metra að 3300 m² stóru bílastæði. Vegur og bílastæði eru með bundnu slitlagi. Meðfram veginum er búið að koma fyrir stálteinum sem halda uppi reipi, til að koma í veg fyrir að bílar sé lagt utan vegsvæðis. Bílastæðið er útfært sem hringtorg og í miðju þess eru stórir steina. Timburslár afmarka hringtorgið á nokkrum stöðum sem kemur í veg fyrir að ekið sé eftir gönguslóðum sem hafa myndast. Slárnar eru einnig notaðar til hvíldarsetu. Vestustu bílastæðin eru í um 10-15 metra fjarlægð frá jarðhitasvæðinu.

Frá bílastæðinu liggur hellulagður göngustígur að útsýnispalli með handriði úr timbri við Hveri. Við upphaf stígsins er upplýsingaskilti. Breiður gönguslóði liggur einnig í aðra átt frá bílastæðinu að hverasvæðinu.

4.2 NÁTTÚRUVÁ

Námafjall og umhverfi er á háhitasvæði. Svæðið liggur um sprungugrein sem nær norðan úr Öxarfirði gegnum eldstöðina Kröflu og suður fyrir Hverfjall. Þétt sprungubelti liggur yfir allt Námafjallssvæðið og er meginuppstreymið austan við fjallið en jarðhitanum er viðhaldið af kvikuinnskotum frá eldstöðinni. Á svæðinu getur orðið vart við landsig og jarðskjálfta. Jarðskorpan á hverasvæðinu er víðast þunn og geta nýir hverir opnast hvar sem er.

4.3 NÁTTÚRUFAR OG NÁTTÚRUMINJAR

Skipulagssvæðið er í um 360 m.y.s. Námaskarðsvegur liggur samsíða gróðurrrönd sem er 50-100 cm hærra en vegstæðið. Landið hallar lítið sem ekkert frá þjóðveginum að bílastæðinu. Vegur og bílastæði eru á nærri því gróðurlausu svæði.

Á vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunnar Íslands má sjá að eftirfarandi vistgerðir eru að finna á svæðinu sem breytingar ná til.



Mynd 4.4 Vistgerðarkort Ní (<https://vistgerdakort.ni.is/>)

TILLAGA AÐ DEILISKIPLAGSBREYTINGU – HVERIR AUSTAN NÁMAFJALLS

Tafla 4.1 Vistgerðir skv. <https://vistgerdakort.ni.is/>

Vistgerð	Vistgerðarnr. /EUNIS flokkun	Lýsing	Verndar-gildi
Lyngmóa- vist á láglandi	L10.8	Purrt og þýft mólendi vaxið krækilyngi, bláberjalyngi, beitylyngi og fleiri lágvöxnum lyng- og mólendistegundum, oft í talsverðum halla, í hlíðum, á hryggjum og bungum. Land er vel gróið, gróður lágvaxinn, æðplöntur ríkjandi, mosi allmikill og fléttur nokkrar.	Miðlungs
Eyðimela- vist	L1.1	Víðáttumiklir, fremur þurrir, allgrýttir hálendismelar á flötu eða hallandi landi. Á yfirborði er víða sandur og vikur en sums staðar eru frostíglar útbreiddir. Áfok og sandfok er mikið. Heildargróðurþekja er mjög lítil. Mosar í glufum og í skjóli við steina en hrúðurfléttur og skófir á grjóti.	Lágt
Starmóa- vist	L10.3	Purrt til deigt, fremur hallalítið, grasleitt og mosaríkt mólendi til heiða og fjalla, vaxið stinnastör, gras-víði og fleiri mólendistegundum. Vistgerðin finnst einkum á mörkum votlendis og þurrara mólendis, meðfram ám og lækjarfarvegum og á milli votlendis og mela. Hún er vel gróin, gróður lágvaxinn, mosar eru ríkjandi, æðplöntuþekja talsverð og fléttuþekja nokkur.	Miðlungs
Fjall- drapa- móavist	L10.6	Purrt, yfirleitt þýft, vel gróið mólendi vaxið fjalldrapa, krækilyngi, bláberjalyngi og fleiri mólendistegundum, ríkt af mosum og fléttum. Fremur hallalítið land á láglandi og til heiða. Gróður er fremur lágvaxinn, æðplöntur ríkjandi, en mosuþekja allmikil og fléttuþekja víðast hvar veruleg.	Miðlungs

Norðaustan áttir og suðvestan átt eru ríkjandi vindáttir á svæðinu, skv. vindatlas Veðurstofu Íslands.

Ársúrkoma í Mývatnssveit er minni en 400 mm. Lofthiti getur farið yfir 20 stig að jafnaði nokkrum sinnum á sumri og eins er algengt að frost fari niður fyrir -20 stig á vetrum og jafnvel í -30 stig.

4.4 MENNINGARMINJAR

Einn skráður minjastaður er innan marka skipulagsbreytingar skv. fornleifaskráningu Fornleifastofnunar Íslands, FS118-96014.

5 DEILISKIPULAGSBREYTING

Breytingar eru gerðar á skipulagsuppdrætti og í greinargerð.

5.1 DEILISKIPULAGSBREYTING Á UPPDRÆTTI

Skipulagsbreytingin tekur til svæðis frá þjóðvegi nr. 1 að útsýnispalli og göngustígum á hverasvæðinu, alls 11,4 ha. Bílastæði og þjónustuhús eru færð nær þjóðveginum og fjær hverasvæðinu til að stuðla að verndun þess. Bílastæði eru færð um 160 metrum norðaustan við núverandi stæði. Lóð fyrir þjónustubyggingu er afmörkuð sunnan bílastæðanna og færast þannig um 140 m til austur frá hverasvæðinu. Lóðin stækkar úr 1835,1 m² í 2000 m² miðað við gildandi skipulag og byggingareitur er innan lóðamarka. Bygging sem er 300 m² er sýnd til skýringar. Dregið er úr umfangi göngustíga á hverasvæðinu. Tveir stígar liggja frá lóðinni að hverasvæðinu og við stígana eru svæði til dvalar og geymslu reiðhjóla, á þegar röskuðu landi. Tvær hringleiðir eru myndaðar, með útskotum þar sem hægt er að komast nær hverum. Staðsetning stíga er leiðbeinandi og getur breyst þegar að framkvæmdum kemur, ef aðstæður krefjast þess. Lega göngustígs frá þjóðvegi nr. 1 breytist lítillega. Girðing er sýnd meðfram nýjum aðkomuvegi að lóðamörkum.

5.2 DEILISKIPULAGSBREYTING Í GREINARGERÐ

5.2.1 Markmið, liður 2.1

Óbreytt: Markmið með deiliskipulaginu er að bæta aðstöðu fyrir ferðamenn og aðgengi þeirra sem um Hveri fara. Gert er ráð fyrir þjónustubyggingu fyrir ferðamenn sem um svæðið fara. Þá verður stuðlað að verndun umhverfisins með vel skilgreindu stígakerfi ásamt markvissri upplýsingamiðlun og fræðslu á upplýsingaskiltum.

5.2.2 Markmið, liður 2.2

Fyrir breytingu: Lóðarmörk eru sýnd á skipulagsuppdrætti og stærð lóðar skráð. Þessar upplýsingar eru til viðmiðunar, en nánar er gerð grein fyrir lóðarmörkum, málsetningu lóðar og lóðarstærð á mæliblaði. Þar sem misræmi er gildir mæliblað.

Eftir breytingu: Lóðamörk eru sýnd og hnitsett á skipulagsuppdrætti. Stærð lóðar er 2000 m².

5.2.3 Byggingarreitur, liður 2.3

Óbreytt: Á skipulagsuppdrætti er sýndur byggingarreitur á lóð og skal bygging byggð innan hans.

5.2.4 Akandi umferð og bílastæði, liður 2.4

Núverandi skilmálar falla úr gildi.

Eftir breytingu: Núverandi bílastæði verða afmáð. Bílastæði verða 86, þar af eru tvö fyrir fólk með hreyfihömlun. Fyrirkomulag bílastæða er þannig að hægt verði að leggja bíl með aftanívagn á tvö samliggjandi stæði. Stæði fyrir rútur eru sex. Sleppistæði fyrir rútu er við þjónustusvæðið. Bílastæði skulu merkt þannig að þau verði skilvirk og örugg. Gert er ráð fyrir að hluti bílastæðanna verða upphitaður. Bílastæði skulu almennt vera í samræmi við kafla 6.2 byggingareglugerðar nr. 112/2012 m.s.br.

5.2.5 Aðkomusvæði og stígakerfi, liður 2.5

Núverandi skilmálar falla úr gildi.

Eftir breytingu: Aðkomusvæði, stígakerfi og göngupalla skal hanna skv. 6.2 kafla byggingareglugerðar 112/2012 m.s.br. með aðgengi fyrir alla að leiðarljósi. Gert er ráð fyrir aðkomu- og dvalarsvæði sunnan og vestan fyrirhugaðrar þjónustubyggingar. Þar er m.a. gert ráð fyrir

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU – HVERIR AUSTAN NÁMAFJALLS

upplýsingaskiltum, borðum, bekkjum og endurvinnslulátum. Göngustígar frá þjónustuvæðinu að útsýnispalli skulu vera með bundnu slitlagi.

Gert er ráð fyrir stækkun á núverandi útsýnispalli.

Gert er ráð fyrir göngustígum meðfram aðkomuvegi og bílastæðum sem tengjast þjónustuhúsi og aðkomu- og útsýnissvæði við Hveri. Breidd þessara göngustíga verður 2,5-3,0 m.

Gert er ráð fyrir um það bil 600 metra stígakerfi á færanlegum pöllum úr timbri eða öðru léttu og gegndræpu efni frá útsýnispalli og umhverfis hverasvæðið. Þar er um að ræða nokkrar stuttar hringleiðir sem gætu breyst á milli ára þar sem viðkomandi svæði er mjög lifandi og breytilegt. Pallarnir skulu þannig hannaðir að auðvelt sé fyrir starfsmenn að færa þá til og flytja. Breidd þeirra verður 2,0-5,0 metra.

Þá er gert ráð fyrir um 3,5 km hringleið um svæðið sem liggur frá pöllum umhverfis Hlíðarnámur og að Ytri-Námakollu. Þaðan verður núverandi vegslóði nýttur niður að þjóðvegi og mun gönguleiðin síðan liggja meðfram þjóðveginum að aðkomuveginum að Hverum og tengjast þar göngustíg meðfram aðkomuveginum.

5.2.6 Þjónustubygging, liður 2.6

Núverandi skilmálar falla úr gildi.

Eftir breytingu: Þjónustubygging skal byggð innan byggingareits. Í þjónustubyggingunni er m.a. gert ráð fyrir salernum fyrir ferðamenn, aðstöðu fyrir starfsfólk og tæknirými. Útbúa má aðstöðu til myndatöku að vetri, í og við þjónustubyggingu. Rekstur er heimilaður allt árið.

5.2.7 Veitur og sorp, liður 2.7

Óbreytt: samráð skal haft við Skútustaðahrepp og aðra viðeigandi aðila vegna framkvæmda við lagnir.

- Rarik mun sjá svæðinu fyrir rafmagni frá nærliggjandi rafstreng

- Heitt vatn mun koma úr Austaraselslindum í samráði við Skútustaðahrepp
- Kalt vatn mun koma úr Austaraselslindum í samráði við Skútustaðahrepp
- Ljósleiðari verður lagður frá Bjarnarflagi og/eða Skógarhlíð

5.2.8 Fráveita, liður 2.7.1

Fyrir breytingu: Gert er ráð fyrir rotþró suðaustan fyrirhugaðrar þjónustubyggingar. Aðgengi að rotþró skal vera þannig að auðvelt er fyrir ökutæki að komast að til tæmingar og eftirlits. Kerfið skal vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Frágangur siturlagna, rotþróar og frárennslis skal vera vandaður í alla staði, þannig að engin mengun stafi af.

Eftir breytingu: Gert er ráð fyrir rotþró suðaustan fyrirhugaðrar þjónustubyggingar. Aðgengi að rotþró skal vera þannig að auðvelt er fyrir ökutæki að komast að til tæmingar og eftirlits. Öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólþ nr. 798/1999. Ekki verður nein starfsemi á svæðinu og gera má ráð fyrir að efni sem berist í rotþró verði sambærilegt því sem kemur frá íbúðarhúsnæði. Notast skal við náttúruvæn efni við rekstur þjónustuhúss. Bent er á reglugerð um meðhöndlun seyru nr. 799/1999 og lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

5.2.9 Varðveisla minja, liður 2.8

Óbreytt: eins og tekið er fram í kafla 1.5 er einn skráður minjastaður á skipulagssvæðinu. Minjastaður þessi hefur verið staðsettur í fornleifaskráningu og má sjá staðsetningu hans á skipulagsuppdráttum. Þess ber þó að geta að staðsetning þessi getur verið ónákvæm.

Minnt er á 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, Fornleifar í hættu, en þar segir:

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU – HVERIR AUSTAN NÁMAFJALLS

Hver sá sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skal gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar.

Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal framkvæmdaraðili eða viðkomandi sveitarfélag gera Minjastofnun Íslands viðvart með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara áður en áætlaðar framkvæmdir hefjast og lýsa þeim breytingum er af framkvæmd mun leiða.

Minjastofnun Íslands ákveður að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar er þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi vikja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Stofnunin skal hafa samráð við Umhverfisstofnun þegar fjallað er um blandaðar minjar, þ.e. menningarminjar sem einnig teljast til náttúruminja.

Minjastaðurinn er í nánd við svæði þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Vegna þessa er með öllu óheimilt að ráðast í framkvæmdir í nánd við þessar minjar nema að undangengnu samráði við Minjastofnun Íslands, sbr. 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 sem sjá má hér að ofan.

Í kafla 3, *Almennir skilmálar* er gerð breyting á lið 3.6. Að öðru leyti er kaflinn óbreyttur.

5.2.10 Frágangur lóða, liður 3.6

Núverandi skilmálar falla úr gildi.

Eftir breytingu: Afmá skal núverandi bílastæði. Olíuklæðningu og öðrum bundnum yfirborðsefnum skal ekið í burtu af svæðinu til geymslu á til þess ætlaðan stað, í samráði við sveitarstjórn. Sama skal gert með malarfyllingu undir vegamannvirkjum, þar sem ekki er gert ráð fyrir göngustíg og dvalarsvæði. Á svæðum þar sem ekki verða byggð ný mannvirki skal leitast við að afmá öll ummerki eftir bílastæðin og móta landið sem líkast því sem er í nágrenninu. Nýta skal steinahrúgu sem er í miðju bílastæðis við frágang og hönnun dvalarsvæða.

Jarðraski skal haldið í lágmarki og gæta skal að því að vernda gróður eins og kostur er. Lögð er áhersla á að hafist verði handa við frágang og landmótun samhliða framkvæmdum ef kostur er eða um leið og framkvæmd lýkur. Styrkja skal gróður á svæðinu í samráði við Landgræðsluna.

Í kafla 4, *Almennir skilmálar* er gerð breyting á lið 4.2. Að öðru leyti er kaflinn óbreyttur.

5.2.11 A-þjónustubygging, liður 4.2

Fyrir breytingu: Innan byggingarreits er heimilt að reisa þjónustubyggingu á einni hæð að hámarki 300 m². Þakform er frjálst en hámarkshæð byggingar er 5,0 m frá gólfkóta og hámarksveggshæð er 4.0 m frá gólfkóta. Þakflötur skal vera í fremur dökkum lit sem fellur sem best inn í landslagið, eða tyrft. Veggfletir byggingar skulu vera í brúnum eða náttúrulegum tónum. Staðsetning innan byggingarreits er frjáls.

Eftir breytingu: Innan byggingareits er heimilt að reisa þjónustubyggingu á einni hæð, að hámarki 300 m². Þakform er frjálst en hámarkshæð byggingar er 5,0 m frá gólfkóta og hámarksveggshæð er 4.0 m frá gólfkóta. Litaval á byggingu skal vera til þess fallin að hún falli vel að landi og umhverfi og dragi ekki til sín óþarfa athygli. Við hönnun byggingar skal *Menningarstefnu í mannvirkjagerð, stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist* höfð að leiðarljósi.

Við hönnun á mannvirkjum skal notast við hönnunarhröðunina 0,2 g.

Heimilt er að lýsa upp næsta umhverfi þjónustubyggingar sem er innan lóðamarka. Lýsingarhönnun skal vera þannig að lýsing trúfli ekki myrkurgæði og upplifun gesta á norðurljósum, jafnvel í skjóli byggingar að vetri.

6 UMHVERIFSSKÝRSLA

Breyting á deiliskipulagi fyrir „Hveri austan Námafjalls“ fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem að eftirfarandi þrír þættir eiga við um áætlunina:

- Áætlunin er unnin samkvæmt lögum.
- Áætlunin er undirbúin og/eða samþykkt af stjórnvöldum.
- Áætlunin markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Áætlunin er unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, hún verður tekin fyrir í sveitarstjórn Skútustaðahrepps og mun marka stefnu um framkvæmdir sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á verndarsvæðum á láglandi utan þéttbýlis er tilkynningarskyld til ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matskyldu skv. 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Svæðið sem um ræðir nýtur hverfisverndar í aðalskipulagi og þar er að finna náttúrminjar sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

6.1 VIÐFANGSEFNI, NÁLGUN OG ÁHERSLUR Í UMHVERFISMATI DEILISKIPULAGSBREYTINGAR

Áhrifaþættir

Áhrifavaldar eða áhrifaþættir skipulagsins eru þeir hlutar stefnunnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfisþættir eru þeir þættir sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif við gerð áætlunar og hámarka þau jákvæðu. Í töflu hér að neðan (Tafla 6.1) er vinsun umhverfisþátta, þ.e. megin matsþættir og umhverfisþættir sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum vegna stefnu í deiliskipulagi. Val umhverfisþátta byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand, upplýsingar úr vinnu við deiliskipulagsbreytinguna og aðrar forsendur sem liggja fyrir.

¹ Matsþættir taka mið af megin viðfangsefnum við breytingu á deiliskipulagi hverasvæðis austan Námafjalls.

Tafla 6.1 Vinsun umhverfisþátta.

Matsþáttur ¹	Umhverfisþættir ²	Skýringar
Hagrænir og samfélagslegir þættir	Samfélag og eignir	Uppbygging aðstöðu fyrir ferðamenn á svæðinu getur eftt atvinnulífið í sveitarfélaginu. Vönduð uppbygging sem tekur mið af sérstöðu og gæðum svæðisins er líkleg til að auka virði þess.
Náttúrufarslegir þættir	Jarðmyndanir, vatn og jarðvegur	Á svæðinu eru merkar náttúruminjar, þ.e. hverir, sem tengjast þeim og virkri ummyndun og útfellingum, sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Aðgerðir í skipulagi geta stuðlað að vernd og viðhaldi þessara náttúruminja. Uppbygging aðstöðu fyrir ferðamenn, salernisaðstöðu o.fl., getur einnig dregið úr hættu á mengun grunnvatns. Uppbygging bílastæða og stýring ferðamanna með göngustígum getur auk þess minnkað líkur á skemmdum á jarðvegi og gróðri.
Landslag, ásýnd og menningararfur	Landslag, menningararfleifð	Uppbygging ferðamanna aðstöðu er líkleg til að hafa áhrif á ásýnd svæðisins. Skipulag sem tekur mið af gæðum svæðisins og byggir á staðaranda getur lágmarkað neikvæð áhrif af ásýnd mannvirkja og för fólks um svæðið.
Heilsa, útivist og öryggi	Heilbrigði manna, landslag	Uppbygging aðstöðu fyrir gesti, göngustígar, merkingar o.fl. getur haft áhrif á aðgengi og upplifun af svæðinu og er auk þess líkleg til að hafa áhrif á öryggi þeirra sem fara um svæðið.

² Umhverfisþættir sbr. skilgreiningu á umhverfi í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU – HVERIR AUSTAN NÁMAFJALLS

Tafla 6.2 Umhverfisiðmið, umhverfisvísar og umhverfisþættir sem byggj verður á í umhverfismati.

Umvhverfisiðmið	Byggt á	Umvhverfisvísar	Umvhverfisþættir ⁱ											
			Samfélag	Heilbrigði manna	Dýr	Plöntur	Líffræðileg fjölbreytni	Jarðvegur	Jarðmyndanir	Vatn	Loft	Veðurfar	Eignir	Menningararfefið
Stuðla að heilbrigðu lífverni og velliðan fyrir alla frá vögggu til grafar Stuðla að heilnæmu umhverfi og góðum möguleikum til útiveru. Draga úr slysum og dauðsföllum af völdum umferðarslysa. Öryggi ferðamanna í náttúrunni verði tryggt eftir fremsta megni og með markvissum aðgerðum dregið úr eða komið í veg fyrir slys á fólki á ferðamannastöðum	HMS ⁱⁱ -3 LSK 15-26 ⁱⁱⁱ Innviða- áætlun ^{iv}	Umferðarslys Slys á ferðamanna- stöðum Aðgengi að útivist Hljóðvist												
Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess Auka vatnsgæði með því að draga úr mengun. Vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og stöðuvötn	HMS-6 Lög um stjórn vatnamála	Fráveita Vatnsgæði, mengun Votlendi												
Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla Viðhalda hagvexti í samræmi við aðstæður. Draga úr hagvexti sem gengur á umhverfið. Stuðla að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs. Stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur	HMS 8 LSK 15-26	Hagvöxtur, íbúafjöldi Staða atvinnulífs og fjölbreytni Ferðaþjónusta, viðhorf ferðamanna												
Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun Þróa trausta innviði sem eru sjálfbærir og með viðnámsþol gagnvart breytingum, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velferð allra. Stuðla að samkeppnishæfni, þoli og eflingu samfélags og atvinnulífs. Fyrirbyggja álag á ferðamannastöðum með uppbyggingu innviða í stað þess að brugðist sé við því álagi sem orðið er	HMS-9 LSK 15-26 Innviða- áætlun ^v	Stígakerfi Fjöldi ferðamanna Þjónustustig Umferð Veitur												
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi Tryggja varðveislu, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi og í ferskvatni og þjónustu þeirra, sérstaklega skóga, votlendis, fjalllendis og þurrlendis í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Varðveita skipulega heildarmynd af jarðfræðilegum ferlum og fyrirbærum sem gefa samfellt yfirlit um jarðsögu landsins. Vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu	HMS-15 Lög um náttúru- vernd	Líffræðileg fjölbreytni Jarðminjar Gróðurfar Verndarsvæði												
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi Stuðla að varðveislu og vernd náttúru- og menningarmínja, sem felast í líffræðilegum fjölbreytileika, fjölbreytni jarðmyndana, landslagi og mínjum um sögu og búsetu. Staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum	LSK 15-26 VTF ^{vi} MSM ^{vii} Lög um menningar- -minjar	Fágæti landslags Ásýnd lands Menningarlandslag Náttúruminjar Fornleifaskráning Röskun lands												

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU – HVERIR AUSTAN NÁMAFJALLS

Viðmið og vísar til grundvallar umhverfismati

Umhverfisviðmiðum er ætlað að lýsa æskilegri þróun með tilliti til sjálfbærni og umhverfismála. Umhverfisviðmiðin eru birt í töflu hér að ofan (Tafla 6.2), en þar eru einnig tilgreindir vísar og tengsl við umhverfisþætti sem skilgreind eru í lögum um umhverfismat áætlana.^{viii} Umhverfisviðmiðin eru í grunninn byggð á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Sérstaklega er tekið mið af heimsmarkmiðum sem valin hafa verið sem forgangsmarkmið íslenskra stjórnvalda og hafa augljós tengsl við skipulagsgerð.^{ix} Einnig er byggt á *Landsskipulagsstefnu 2015-2026* og öðrum áætlunum á landsvísi sem marka stefnu um landnotkun, auk laga og reglugerða.

Í umhverfismatinu er unnið með fjóra matsþætti sem taka til meginviðfangsefna í matinu (Tafla 6.1 og Tafla 6.3). Lagt verður mat á hvort skipulagið eða einstakir hlutar þess styðji eða gangi gegn umhverfisviðmiðunum og við framkvæmd matsins er beitt matsspurningum sem vísa til umhverfisviðmiðanna. Tafla 6.3 inniheldur matsspurningarnar sem skilgreindar eru til að greina hvort stefnan styður eða vinnur gegn umhverfisviðmiðunum.

Tafla 6.3 Matsþættir, viðmið og matsspurningar til að greina hvort stefnan deiliskipulagsins styður eða vinnur gegn umhverfisviðmiðunum.

Matsþáttur	Viðmið	Matsspurningar
Hagrænir og samfélagsfélags-legir þættir	Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun	<ul style="list-style-type: none"> Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu? Stuðlar stefnan/framkvæmdin að sterkari innviðum ferðaþjónustu? Stuðlar stefnan/framkvæmdin að þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum? Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu?

Matsþáttur	Viðmið	Matsspurningar
Náttúrufar slegir þættir	Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess	<ul style="list-style-type: none"> Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruminjar sem njóta verndar, svo sem á náttúruminjaskrá, 61. gr. náttúruverndarlaga eða alþjóðlegra samninga? Hefur stefnan áhrif á jarðveg eða gróður? Stuðlar stefnan að vörnum gegn mengun grunnvatns eða röskun á vistkerfum, svo sem með losun eða efnistöku?
Landslag, ásýnd og menninga rarfur	Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi	<ul style="list-style-type: none"> Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðháttum? Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarmínjar? Hefur stefnan áhrif á og/eða raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?
Heilsa, útivist og öryggi	Stuðla að heilbrigðu lífverni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar	<ul style="list-style-type: none"> Stuðlar stefnan að auknu öryggi ferðamanna á ferðamannastöðum? Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar? Stuðlar stefnan að auknum gæðum umhverfis, svo sem hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?

Aðferðir við umhverfismat og framsetning niðurstaðna

Við umhverfismatið er stuðst við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnástand umhverfis, upplýsingar úr gildandi deiliskipulagi og upplýsingar sem koma fram í skipulagsferlinu. Þá er einnig leitað til sérfróðra manna og stofnana og annarra sem kunna að búa yfir þekkingu á staðháttum, gerist þess þörf.

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU – HVERIR AUSTAN NÁMAFJALLS

Umhverfisskýrslan er unnin samhliða skipulagsgerðinni, þar sem greint er frá mögulegum umhverfisáhrifum af stefnunni í deiliskipulagi. Framsetning umhverfismats er í formi matstafla og texta. Lögð er fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu til lögbundinnar kynningar. Í umhverfismatinu er stuðst við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsins. Vægiseinkunnirnar byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar^x og stuðst er við sex vægiseinkunnir við matið (Tafla 6.4). Í umhverfismatinu er lagt mat á það hvort stefnan eða valkostir um stefnu styðji eða gangi gegn þeirri stefnu sem umhverfisviðmiðin fela í sér.

Tafla 6.4 Vægiseinkunn fyrir mat á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins.

Vægiseinkunn	Skýringar
++	Veruleg jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu.
+	Jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið.
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við. Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
-	Neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
--	Veruleg neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu.
	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar. Óvíst er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

Stefnukostir

Metnir eru valkostir um útfærslu stefnu í deiliskipulagi, með það að markmiði að matið gefi yfirsýn og veiti upplýsingar um það svigrúm sem er í skipulagsgerð vegna uppbyggingar á hverasvæðinu austan Námafjalls. Bornir eru saman eftirfarandi valkostir í tengslum við deiliskipulagsbreytinguna, þ.e. valkostir um útfærslu og skipulagshönnun í deiliskipulagi.

- Stefna í gildandi deiliskipulagi. Þar er m.a. gert ráð fyrir þjónustumiðstöð og bílastæði nálægt hverasvæðinu og tiltölulega umfangsmiklu stígakerfi um skipulagssvæðið.
- Færsla þjónustumiðstöðvar og bílastæðis og einföldun stígakerfis. Þar er gert ráð fyrir færslu þjónustumiðstöðvar og bílastæðis fjær hverasvæði og að dregið verði úr stígakerfi um skipulagssvæðið.

6.2 ÁHRIF DEILISKIPULAGSBREYTINGARINNAR OG EFTIRFYLGNI

Umhverfisáhrif valkosta um stefnu fyrir Hveri austan Námafjalls

Í töflunum hér á eftir er sett fram samanburður valkosta um áherslur fyrir útfærslu og skipulagshönnun svæðisins (Tafla 6.5).

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU – HVERIR AUSTAN NÁMAFJALLS

Tafla 6.5 Umhverfismat valkosta um áherslur fyrir útfærslu og skipulagshönnun svæðisins í deiliskipulagi.

	Umhverfisviðmið/matsspurning	Stefna í gildandi deiliskipulagi	Færsla þjónustumiðstöðvar og bílastæðis og einföldun stígakerfis
Hagræni og samfélagslegir bættir	Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	Til skamms tíma verða til störf, þ.e. meðan á framkvæmdum stendur. Til langs tíma litið verða til varanleg störf við ferðaþjónustu, bein störf við þjónustu við ferðamenn og umhirðu á svæðinu	Til skamms tíma verða til störf, þ.e. meðan á framkvæmdum stendur. Til langs tíma litið verða til varanleg störf við ferðaþjónustu, bein störf við þjónustu við ferðamenn og umhirðu á svæðinu
	Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu?	Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustu þar sem að uppbygging á svæðinu stuðlar að bættari aðstöðu fyrir heimamenn og gesti	Stefnan er líkleg til að hafa mjög jákvæð áhrif á ferðaþjónustu þar sem uppbygging sem tekur mið af staðaranda og gæðum svæðisins stuðlar að bættari aðstöðu og upplifun fyrir heimamenn og gesti
	Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun Stuðlar stefnan/framkvæmdin að sterkari innviðum sem taka mið af umhverfisbreytingum?	Stefnan stuðlar að fjölbreyttum innviðum og tekur mið af ólíkum þörfum þeirra sem fara um svæðið, hvort sem það er tengt ferðaþjónustu eða útivist	Stefnan stuðlar að fjölbreyttum innviðum og tekur mið af ólíkum þörfum þeirra sem fara um svæðið, hvort sem það er tengt ferðaþjónustu eða útivist
	Stuðlar stefnan/framkvæmdin að sterkari innviðum ferðaþjónustu?	Stefnan er líkleg til að stuðla að góðum innviðum ferðaþjónustu, aðgengi að svæðinu, bílastæði, þjónustumiðstöð og stígakerfi með merkingum	Stefnan er líkleg til að stuðla að góðum innviðum ferðaþjónustu, aðgengi að svæðinu, bílastæði, þjónustumiðstöð og stígakerfi með merkingum. Einföldun stígakerfis gerir enn frekar kleift að auka gæði innviða og gerir viðhald og umhirðu auðveldari
	Stuðlar stefnan/framkvæmdin að þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	Stefnan er líkleg til að hafa mjög jákvæð áhrif á samfélagið, ný störf verða til sem styrkir byggðina og eykur þol byggðarlagsins gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum	Stefnan er líkleg til að hafa mjög jákvæð áhrif á samfélagið, ný störf verða til sem styrkir byggðina og eykur þol byggðarlagsins gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum
Náttúrufranslegir bættir	Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruminjar sem njóta verndar, svo sem á náttúruminjasrá, 61. gr. náttúruverndarlaga eða alþjóðlegra samninga?	Á svæðinu eru merkar náttúruminjar sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Stefnan er líkleg til að stuðla að viðhaldi þeirra náttúrugæða með uppbyggingu innviða	Á svæðinu eru merkar náttúruminjar sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Stefnan er líkleg til að stuðla að viðhaldi þeirra náttúrugæða með uppbyggingu innviða. Stefnan setur auk þess aukna áherslu á staðaranda svæðisins og dreifingu álags en sú stefna er einnig líkleg til að stuðla að varðveislu náttúruminjanna á svæðinu
	Hefur stefnan áhrif á jarðveg eða gróður?	Stefnan hefur óveruleg áhrif á jarðveg og gróður á svæðinu	Stefnan hefur óveruleg áhrif á jarðveg og gróður á svæðinu
	Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess Stuðlar stefnan að vörnum gegn mengun grunnvatns eða röskun á vistkerfum, svo sem með losun eða efnistöku?	Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á grunnvatn þar sem áhersla er á vandaðan frágang frárennslis, val á viðeigandi gróðri, svo og sjálfbærum ofanvatnslausnum	Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á grunnvatn þar sem áhersla er á vandaðan frágang frárennslis, val á viðeigandi gróðri, svo og sjálfbærum ofanvatnslausnum
Landslag, ámynd	Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi	Stefna sem felur í sér áherslu á vandaðan frágang svæðisins, landmótun í samræmi við gæði svæðisins. Stefnan styður markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðhættum	Stefna sem felur í sér áherslu á vandaðan frágang svæðisins, landmótun og lýsingu í samræmi við gæði svæðisins og staðaranda. Stefnan styður að fullu markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðhættum

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU – HVERIR AUSTAN NÁMAFJALLS

	Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðhátum?		
	Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	Stefnan er ekki líkleg til að valda röskun á fornleifum eða svæðum þar sem merkar menningarminjar er að finna	Stefnan er ekki líkleg til að valda röskun á fornleifum eða svæðum þar sem merkar menningarminjar er að finna
	Hefur stefnan áhrif á og/eða raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	Stefna sem felur í sér áherslu á vandaðan frágang svæðisins, landmótun í samræmi við gæði svæðisins. Að hluta til er þegar búið að framkvæma það sem skipulagt er. Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á ásýnd lands til lengri tíma litið	Stefna sem felur í sér áherslu á vandaðan frágang svæðisins, landmótun og lýsingu í samræmi við gæði svæðisins og staðaranda. Á framkvæmdatímanum má reikna með tímabundnu raski og truflun. Stefnan er líkleg til að hafa mjög jákvæð áhrif á ásýnd lands til lengri tíma litið þar sem þjónustumiðstöð og bílastæði eru færð fjær hverasvæðinu og náttúrusvæðið er í öndvegi. Einnig er stígakerfið einfaldað og verður þar af leiðandi ekki eins sýnilegt
Heilsa, útvíst og öryggi	Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggum til grafar Stuðlar stefnan að auknu öryggi ferðamanna á ferðamannastöðum?	Stefnan gerir ráð fyrir öflugum innviðum fyrir ferðamenn og góðu aðgengi fyrir þá sem vilja njóta svæðisins	Stefnan gerir ráð fyrir öflugum innviðum fyrir ferðamenn og góðu aðgengi fyrir þá sem vilja njóta svæðisins. Þar sem þjónustumiðstöð og bílastæði eru færð fær hverasvæðinu má reikna með breyttu flæði fólks um svæðið, sem eykur öryggi og hefur jákvæð áhrif á upplifun
	Stuðlar stefnan að auknum gæðum umhverfis, svo sem hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	Stefnan er líklegt til að hafa mjög jákvæð áhrif á umferðaröryggi þar sem áhersla á fjölbreytta notendur hefur í för með sér samræmingu innviða fyrir ólíka ferðamáta, svo sem með tilliti til umferðaröryggis og upplifunar af svæðinu	Stefnan er líklegt til að hafa mjög jákvæð áhrif á umferðaröryggi þar sem áhersla á fjölbreytta notendur hefur í för með sér samræmingu innviða fyrir ólíka ferðamáta, svo sem með tilliti til umferðaröryggis og upplifunar af svæðinu
	Stuðlar stefnan að möguleikum til útvistar og hreyfingar?	Stefnan hefur mjög jákvæð áhrif á möguleika til útvistar til lengri tíma litið með því að gera það aðgengilegt fyrir heimamenn og gesti	Stefnan hefur mjög jákvæð áhrif á möguleika til útvistar til lengri tíma litið með því að gera það aðgengilegt fyrir heimamenn og gesti

TILLAGA AÐ DEILISKIPLAGSBREYTINGU – HVERIR AUSTAN NÁMAFJALLS

Niðurstaða umhverfismats og samlegðaráhrif

Samanburður valkosta um áherslur um útfærslu og skipulagshönnun svæðisins í dregur fram mun hvað varðar áhrif á umhverfið (Tafla 6.6).

Tafla 6.6 Samantekt umhverfismats valkosta um áherslur í deiliskipulagi á hverasvæði austan Námafjalls.

	Umhverfisviðmið/matsspurning	Stefna í gildandi deiliskipulagi	Færsla þjónustumiðstöðvar og bílastæðis og einföldun stígakærfis
Hagrænir og samfélagslegir þættir	Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	++	++
	Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu?	+	++
	Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun. Stuðlar stefnan/framkvæmdin að sterkari innviðum sem taka mið af umhverfisbreytingum?	++	++
	Stuðlar stefnan/framkvæmdin að sterkari innviðum ferðaþjónustu?	+	++
	Stuðlar stefnan/framkvæmdin að þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	++	++

Náttúrufarslegir þættir	Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruminjar sem njóta verndar, svo sem á náttúruminjaskrá, 61. gr. náttúruverndarlaga eða alþjóðlegra samninga?	+	++
	Hefur stefnan áhrif á jarðveg eða gróður?	0	0
	Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess Stuðlar stefnan að vörnum gegn mengun grunnvatns eða röskun á vistkerfum, svo sem með losun eða efnistöku?	++	++
Landslag, ásýnd og menningararfur	Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðhættum?	+	++
	Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	0	0
	Hefur stefnan áhrif á og/eða raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	+	++
Heilsa, útivist og öryggi	Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar Stuðlar stefnan að auknu öryggi ferðamanna á ferðamannastöðum?	+	++
	Stuðlar stefnan að auknum gæðum umhverfis, svo sem hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	++	++
	Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	++	++

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU – HVERIR AUSTAN NÁMAFJALLS

Heilt yfir hafa báðir valkostir jákvæð eða mjög jákvæð áhrif á þá umhverfisþætti sem voru til skoðunar. Samanburður valkosta dregur þó fram ávinning fyrir umhverfið af því að breyta skipulagshönnun svæðisins með því að færa til bílastæði og þjónustumiðstöð og einfalda stígakerfið. Með þeim hætti, auk þess að leggja ríkari áherslu á staðaranda svæðisins, er mögulegt að breyta flæði fólks um svæðið, dreifa álaginu og draga enn frekar fram jákvæða upplifun gesta af för um svæðið. Annar ávinningur er jákvæð áhrif á ásýnd svæðisins, en hún breytist þar sem bílastæði og þjónustumiðstöð eru fjær hverasvæðinu og stígakerfi er einfaldara. Heilt yfir er ávinningur fyrir samfélagið og umhverfið að breyta skipulagi svæðisins miðað við þær áherslur sem valkosturinn felur í sér.

Stakar framkvæmdir

Fjölmargar framkvæmdir tengjast uppbyggingunni við Námafjall. Í tengslum við þjónustumiðstöðina eru lagnir, svo sem vatns- og raflagnir og frárennsli. Byggja þarf upp bílastæði og lagfæra akvegi. Auk þess er þörf á uppbyggingu og endurnýjun göngustíga og merkinga um svæðið.

Eftirfylgni og vöktun

Ekki er gert ráð fyrir sérstakri eftirfylgni eða vöktun af deiliskipulagsbreytingunni.

7 HEIMILDIR

Reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999 m.s.br

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 m.s.br

Reglugerð um meðhöndlun seyru nr. 799/1999 m.s.br

Vindatlas. Sótt af <https://vindatlas.vedur.is/>

Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Greinargerð og uppdráttur.

Statens vegvesen håndbok 204. (1997). *Rasteplasser, planlegging og utforming*. Sótt af

<https://www.vegvesen.no/s/bransjekontakt/Funksjonskontrakt%20dokumenter/hb204-1997.pdf>

Birna Lárusdóttir o.fl. Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi IV: Fornleifar við norðan- og austanvert Mývatn, milli Grímsstaða og Kálfastrandar auk afréttarlanda. Fornleifastofnun Íslands, FS118-96014. Reykjavík 2000.

Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnun Íslands sótt af <https://vistgerdakort.ni.is/>

ⁱ Umhverfisbættir sbr. skilgreiningu á umhverfi í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

ⁱⁱ Stjórnarráð Íslands. 2020. Heimsmarkmiðin. Sótt 6. apríl 2020 af <http://heimsmarkmidin.is/>

ⁱⁱⁱ Skipulagsstofnun. 2016. *Landsskipulagsstefna 2015–2026 ásamt greinargerð*. Sótt 8. apríl 2020 af <http://www.landsskipulag.is/>

^{iv} Alþingi. 2018. Þingsályktun um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029. Þingsályktun nr. Nr. 27/148.

um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029.

^v Alþingi. 2018. Þingsályktun um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029. Þingsályktun nr. Nr. 27/148.

um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029.

^{vi} Umhverfisráðuneytið. 2010. *Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - Áherslur 2010-2013*. Sótt 5. apríl 2020 af <https://www.stjornarradid.is/>

^{vii} Mennta- og menningarmálaráðuneyti. 2014. *Menningarstefna í mannvirkjagerð: Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist*. Sótt 2. apríl 2020 af <https://www.stjornarradid.is/>

^{viii} Stuðst er við töflu fyrir umhverfisviðmið, umhverfisvísa og umhverfisþætti í Lýsingu fyrir gerð landsskipulagsstefnu fyrir loftslag, landslag, lýðheilsu, Viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015–2026. Viðmiðin og vísar eru útfærðir og aðlagðir að viðfangsefnum í skipulagi vegna Norður-Botns.

^{ix} Stjórnarráð Íslands. 2020. Heimsmarkmiðin. Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar. Sótt 5. apríl 2020 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/heimsmarkmidin/forgangsmarkmid-rikisstjornarinnar/>

^x Skipulagsstofnun. 2007. *Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana*. Sótt 4. apríl 2020 af <http://www.skiplag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>.